

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpstöð Rangárvallasýslu Strönd



Dags eftirlits	5.12.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Sorpstöð Rangárvallasýslu	Eftirlitsmaður	Halla Margrét Viðarsdóttir
Heimili	Suðurlandsvegi 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	600893-2469	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Haukur Þórðarsson	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Hulda Karlsdóttir	Staðsetning	690508,452 590016,913

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjórtán frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram við eftirlit. Af þeim er búið að loka tveim og eru því útstandandi tólf frávik vegna eftirlitsins nú. Tvær ábendingar eru settar fram.

Opin eru eldri frávik sem ekki hefur verið hægt að loka. Hluti af þeim eiga við frávik sem sett eru fram nú vegna ársins 2024 og 2025 en eiga einnig við fyrri ár og eftirlit. Eldri frávik sem opin eru varða m.a. urðun lífræns úrgangs án uppfylltra krafna í samræmi við starfsleyfi, urðun og móttöku úrgangs umfram magnheimildir starfsleyfis, urðun timburs og almenns úrgangs, að ekki sé safnað sigvatni af urðunarstað, að ekki sé safnað hauggassi af urðunarstað og að vöktun hafi ekki farið fram á hvoru tveggja.

Gerð er frekari grein á stöðu eldri frávika í bréfi samhliða eftirlitsskýrslunni.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með móttöku-, flokkunar- og urðunarstað Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. að Strönd í samræmi við 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Starfsleyfi rekstraraðila var upphaflega gefið út þann 16. mars 2016, síðast fór fram breyting á starfsleyfi þann 3. nóvember 2021. Gildistími starfsleyfis er til 16. mars 2032.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og tryggingar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Önnur mál
- Skoðunarferð um starfsstöðina og urðunarstað

1. Áður en eftirlit fór fram voru útstandandi sjö frávik frá kröfum starfsleyfis úr eftirliti ársins 2024 og fjögur frá árinu 2023. Þann 17. janúar 2025 barst úrbótaáætlun frá rekstraraðila vegna frávikanna. Var sú áætlun metin ófullnægjandi. Frekari fyrirspurnir voru sendar á rekstraraðila sem leiddu ekki til niðurstöðu. Eitt af frávikunum hefur verið opið frá árinu 2020 og varðar urðun á lífrænum úrgangi umfram heimild starfsleyfis og síðar, árið 2021 án uppfylltra krafna í starfsleyfi þar sem tímabundin undanþága til urðunar á lífrænum úrgangi án uppfylltra skilyrða um mengunarvarnir voru fallnar úr gildi. Einnig er opið frávik varðandi urðun á almennum úrgangi sem óheimilt er að urða á urðunarstaðnum Strönd. Opið er frávik varðandi móttöku umfram heimildir og að magn úrgangs inni á staðnum sé yfir heimildum.

Í eftirliti kom fram að unnið væri að því að minnka umfang úrgangsins sem þegar hefur verið tekið á móti á Strönd til að uppfylla og samræma við ákvæði starfsleyfis. Í eftirliti kom fram að unnið væri að því að breyta deiliskipulagi fyrir svæðið og stæði til að breyta starfsemi og aðlaga að núverandi þörf vegna meðhöndlunar úrgangs á svæðinu. Í eftirliti voru lögð fram drög að breyttu deiliskipulagi fyrir svæðið og þar kemur fram lýsing á breytingum vegna aðstöðu móttökusvæðis rekstraraðila og á urðunarstað sem áætlað er að gera. Skv. gr. 1.4 í starfsleyfi skal upplýsa útgefanda starfsleyfis um allar fyrirhugaðar breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem getur haft afleiðingar fyrir umhverfið þegar sú ákvörðun liggur fyrir. Tilkynna skal um allar breytingar á starfsemi í þjónustugátt Umhverfis- og orkustofnunar og áður en hafist er handa við breytingarnar. Stofnunin þarf að leggja mat á hvort tilefni sé til breytinga á starfsleyfi. Í gr. 1.8 í starfsleyfi kemur fram að endurskoða skal starfsleyfi ef breyting verður á

skipulagi sem á við um reksturinn. Allar breytingar skulu vera í samræmi við lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

2. Farið var yfir ákvæði starfsleyfis.

3. Skráningum ársyfirlits vegna ársins 2024 var skilað þann 4. september sl. og er frávik þar sem skilafrestur ársyfirlits miðast við 1. maí ár hvert fyrir undangengið almannaksár. Í ársyfirliti koma einnig fram niðurstöður vegna umhverfisupplýsinga. Skv. ársyfirliti voru sigmælingar ekki framkvæmdar árið 2024. Niðurstöður á vöktun vegna magns og samsetningu sigvatns og magns og samsetningu hauggass koma ekki fram í ársyfirliti en ekki hefur farið fram vöktun á þeim mælipáttum. Ekki eru gerðar athugasemdir vegna niðurstöðu vöktunar á mælingum ársins 2024. Gildin mælást innan viðmiðunargilda fyrir mengunarvalda í grunnvatni sbr. viðauka III í rg. nr. 535/2011 er á við grunnvatn. Eftir eftirlit lagði rekstraraðili fram minnisblað með niðurstöðum á vöktun grunnvatns vegna ársins 2025 og sigmælingum árið 2025. Athugasemdir eru ekki settar fram vegna vöktunar á grunnvatni.

Farið var yfir skráningar á móttæknum úrgangi hjá rekstraraðila vegna ársins 2024 í ársyfirliti. Nauðsynlegt er að endanleg skráning í ársyfirliti og skráningar í gagnagrunn Umhverfis- og orkustofnunar endurspegli hvort annað. Á Strönd voru urðuð skv. rekstraraðila 2.883 tonn af úrgangi á urðunarstaðnum. Af því voru 1.323 tonn óvirkur úrgangi sem er innan heimildar og 1.560 tonn af dýraleifum sem er umfram heimild starfsleyfis sem og er ekki búið að setja upp og uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru í starfsleyfi vegna móttöku á lífrænum úrgangi sem er opið eldra frávik. Í starfsleyfi kemur fram að heimilt er að urða 800 tonn af lífrænum úrgangi (að ákveðnum skilyrðum uppfylltum), og má þá eingöngu jarðgera 1400 tonn. Á árinu 2024 fóru 1336 tonn í jarðgerð. Í starfsleyfi kemur fram að verði heimild til jarðgerðar nýtt á fullu fellur niður heimild til urðunar lífræns úrgangs og er það því frávik frá kröfum starfsleyfis.

Á Strönd fer hluti þess efnis sem jarðgert er ekki til endurnýtingar heldur er urðað á urðunarstaðnum. Sú ráðstöfun telst því urðun og ber að skrá á viðeigandi hátt, þar sem tilgangurinn er að farga efninu. Þá er hreint timbur kurlað og nýtt í manir, sem einnig telst urðun og skal skráð sem slík. Í skráningum ársins 2024 er ljóst að rekstraraðili sé nú þegar kominn umfram heimildir vegna móttöku á lífrænum úrgangi. Sbr. 3. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs þá telst fylling vera endurnýtingaraðgerð þar sem hentugur úrgangur, sem ekki er spilliefni, er notaður til endurheimtar á graftarsvæðum eða í landmótun í tæknilegum tilgangi. Úrgangur sem nýttur er í fyllingar skal koma í stað annars efnis sem ekki telst úrgangur, vera hæfur til viðkomandi notkunar og takmarkast við það magn sem nauðsynlegt er til að ná tilsettum tilgangi, urðunarstaður er ekki fyllingarstaður né efnislosunarstaður (sjá frekari umfjöllun að neðan).

Við eftirlit var einnig ljóst að til staðar á Strönd er meiri úrgangur en móttöku heimild í starfsleyfi heimilar sem er frávik. Rekstraraðili vinnur nú að því að minnka umfang úrgangsins og ráðstafa honum frá Strönd og koma á viðeigandi meðhöndlun og ná niður umfangi úrgangs á svæðinu. Fjallað var um skráningarnar í eftirliti og var óskað eftir skráningum sem nú þegar liggja fyrir vegna ársins 2025 á móttæknum úrgangi, þ.e. þær sem nú þegar liggja fyrir vegna janúar til nóvember. Árið 2025 hefur dregið töluvert úr magni lífúrgangs sem tekið hefur verið á móti. Magn lífúrgangs sem er yfir heimildum er 885,6 tonn og er það frávik. Móttekið magn af timbri á Strönd árið 2025 á þessu tímabili eru um 776,7 tonn, 37% af því er hreint timbur, annað lítað eða umbúðartimbur. Ekki kemur fram hvernig því hefur verið ráðstafað. Halda skal magni úrgangs sem móttækinn er í lágmarki og skal það ekki fara yfir 500 rúmmetra hverju sinni af brennanlegum úrgangi. Á urðunarstað var magn timburúrgangs umfram heimildir starfsleyfis og einnig magn af brotajárni og ýmiss annar úrgangur í magni umfram heimildir.

4. Fjallað var um tryggingar rekstraraðila en tvenns konar tryggingar skulu vera til staðar hjá rekstraraðila. Annars vegar fullnægjandi fjárhagsleg trygging (eða ábyrgðaryfirlýsing) vegna starfsleyfis rekstraraðila og hins vegar gildandi fullnægjandi ábyrgðartrygging vegna bráðamengunar sbr. gr. 2.10 í starfsleyfi. Ekki lágu fyrir upplýsingar eða gögn vegna þeirra við eftirlit. Í eftirlitinu var einnig fjallað um umhverfismarkmið rekstraraðila en tilefni er til að endurskoða þau og setja sér uppfærð umhverfismarkmið þar sem miklar breytingar hafa orðið nýlega á úrgangslöggjöfnni.

5. Niðurstaða áhættumats 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits á næsta ári skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit helst óbreytt frá fyrri stöðu.

6. Með fundarboði eftirlits fylgdu nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur ásamt kynningu á breyttu fyrirkomulagi á eftirlitum frá stofnuninni. Mikilvægt er að kynna sér vel leiðbeiningarnar um olíuskiljurnar þar sem olíuskilja er til staðar á stöðinni. Má benda á að einnig hefur orðið breyting á fyrirkomulagi vegna skila á umhverfisupplýsingum en fyrr á árinu var sent erindi þess efnis á alla starfsleyfishafa hjá Umhverfis- og orkustofnun. Varðar breytingin rg. nr. 990/2008 um útstreymisbókhald, sbr. breytingareglugerð nr. 206/2025 breytingarnar eiga við upplýsingar vegna

ársins 2025.

7. Í eftirliti kom til tals nýting á timbri inn á urðunarstað í manir og fyllingar eða í tæknilega mótun á urðunarrein sem verið er að útbúa inn á urðunarstað. Óheimilt er að nýta timbur inn á urðunarstaðnum á Strönd. Timbur telst ekki sem óvirkur úrgangur. Nýting timburs í urðunarrein hefur ekki verið metin við útgáfu starfsleyfis. Slík aðgerð þarf að vera í samræmi við skipulag svæðis sbr. skipulagsreglugerð nr. 90/2013 sem og í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Ágætt er að kynna sér frekar leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um ráðstafanir úrgangs í fyllingar.

8. Gengið var um móttökuaðstöðuna og eru nokkur frávik sett fram varðandi geymslu úr sér genginna ökutækja, magns brennanlegs úrgangs á staðnum, magn brotamálms, umfangs annars úrgangs á staðnum, fyrirkomulagi vegna geymslu spilliefna og fyrirkomulagi vegna geymslu olíuúrgangs og að úrgangi sé safnað inni á urðunarstaðnum sem ekki bíður frekari meðhöndlunar og tilheyrir ekki starfseminni.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 1.2 í starfsleyfi:	Árið 2024 var mótttekinn 7.702 tonn af úrgangi á Strönd, en starfsleyfi heimilar 6.350 tonn/ári. A.m.k. 2.883 tonn fóru í urðun en leyfilegt er að urða 2.500 tonn af óvirkum og 800 tonn af lífrænum úrgangi. Rekstraraðili skráði 1.560 tonn af lífrænum úrgangi í urðun. Árið 2025 fór magn lífræns úrgangs einnig yfir heimildir.
gr. 1.2 í starfsleyfi:	Halda skal magni úrgangs í lágmarki hverju sinni með skipulögðu fyrirkomulagi. Magn timburs (og annars brennanlegs úrgangs) miðast við 500 m ³ . Magn brotamálms miðast við 1000 tonn hverju sinni. Magn úrgangs eins og timburs, brotamálms og annars úrgangs er yfir leyfilegu magni.
gr. 1.2 í starfsleyfi:	Verði um tímabunda geymslu úr sér genginna ökutækja eða annars olíusmitaðs úrgangs skal hann geymdur á malbikuðu plani eða steypu yfirborði með niðurfalli í lægsta punkti sem tengt er við olíuskilju. Á urðunarstað er til staðar fjöldi ökutækja sem dreifð eru óskipulega um urðunarstaðinn, ekki öll á malbikuðu plani. Kom fram að hluta ökutækjanna stæði til að nýta utan starfseminnar.
gr. 1.2 í starfsleyfi:	Í starfsleyfi er heimild til að taka á móti 50 kg af spilliefnum á ári sem einskorðast við spilliefni frá almenningi eða smærri fyrirtækjum án frekari meðhöndlunar og sem send eru til frekari meðhöndlunar annars staðar hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku. Árið 2025 var ráðstafað frá Strönd um 73.231 kg af spilliefnum.
gr. 2.1 í starfsleyfi:	Fara skal með allan úrgang við meðhöndlun að tryggt sé að hann valdi sem minnstum óþrifnaði eða ónæði. Úrgangur skal geymdur á skipulegan hátt og umfang hans haldið í lágmarki. Bæta þarf úr skipulagi og umgengni á móttökusvæði og draga úr umfangi úrgangsins.
gr. 2.6 í starfsleyfi:	Tilkynna skal Umhverfis- og orkustofnun ef breytingar verða á tenglið eða tengiliðsupplýsingum. Stofnuninni var ekki tilkynnt um að breyting hafi orðið á tenglið hjá rekstraraðila fyrr á árinu.
gr. 2.7 í starfsleyfi:	Rekstraraðila er skylt að ganga frá olíuefnum og umbúðum þannig að mengunarvarnir séu fullnægjandi og geymsla þess sem og meðhöndlun sé í

samræmi við rg. nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Olíugeymar skulu vera leka- og árekstravarðir og gætt að ástandi þeirra og merkingum. Olíugeymar sem liggja á jörðinni skulu standa á upphækkun.

- gr. 3.3 í starfsleyfi: Safna skal sigvatni undan urðunarstaðnum þar sem lífrænn úrgangur er urðaður.
- gr. 3.4 í starfsleyfi: Verði heimild til urðunar lífræns úrgangs nýtt, þá ber rekstraraðila að safna hauggasi af þeim hluta urðunarsvæðisins.
- gr. 4.2 í starfsleyfi & 5 og 7. gr. í rg. nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg: Á Strönd er spilliefnaúrgangur geymdur á óskipulagðan hátt og óvarinn þannig að regnvatn getur seytlað um þau og lekið niður í jarðveg.
- gr. 5.1 í starfsleyfi: Í skráningum ársins 2024 er ekki gerð grein fyrir breytingu á umfangi urðaðs úrgangs. Eftir eftirlit var lagt fram minnisblað sem sýndi fram á það hafi hins vegar verið framkvæmt árið 2025. Fráviki er lokið.
- gr. 5.2 í starfsleyfi: Magn og samsetning sigvatns og hauggass er ekki vaktað á urðunarstaðnum, ef heimild til urðunar lífræns úrgangs er nýtt þá ber að mæla skv. mælingaáætlun í starfsleyfi frá urðunarrein lífræns úrgangs og er því hvoru tveggja vaktað eftir áætlun.
- gr. 5.4 í starfsleyfi: Rekstraraðili skal skila til Umhverfis- og orkustofnunar ársyfirliti og umhverfisupplýsingum fyrir 1. maí ár hvert, þeim var hins vegar skilað þann 4. september sl. og er því fráviki lokið.
- gr. 2.10 í starfsleyfi: Rekstraraðili gat ekki sýnt fram á gildandi ábyrgðartryggingu vegna bráðamengunar við eftirlit.
- gr. 2.10 í starfsleyfi: Rekstraraðili gat ekki sýnt fram á gildandi ábyrgðartryggingu vegna bráðamengunar við eftirlit, en rekstraraðila bera að hafa slíka til staðar í samræmi við starfsleyfi.

ÁBENDINGAR

Ábending 1:

Á Strönd var til staðar stakur olíugeymir ásamt bömbum og tunnum með olíuefnum og öðrum spilliefnum, m.a. tunnu sem notuð hefur verið til geymslu á flugvélaeldsneyti og það geymt úti á yfirborði án uppfylltra skilyrða. Til staðar var einnig olíuskilja sem jarðvegur hefur rofnað frá og þarf að huga að. Skiljuna skal skoða reglulega og hún tæmd eftir þörfum. Hönnun og notkun olíuskilja skal vera í samræmi við staðla ÍST EN 858 og leiðbeiningar Umhverfis- og

orkustofnunar.

Ábending 2:

Rekstraraðila er skylt að ganga frá áhættuúrgangi og spilliefnum sbr. rg. nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, þannig að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í jarðveg eða í grunnvatn. Skal þeim komið fyrir í lokanlegum, lekaheldum kerum sem eru viðurkennd til geymslu spilliefna. Kerin skulu merkt á viðeigandi hátt og staðsett þannig að þau séu stöðug og verði ekki fyrir hjaski og varin fyrir regnvatni og að vatnið geti ekki lekið í frárennsli eða í jarðveg

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

Halla Margrét Viðarsdóttir

Halla Margrét Viðarsdóttir